

1872.

25. maí.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Í bréfi 26. febr. þ. á. með fylgiskjölum hafið þér, herra amtmaður, borið undir stjórnarráðið til úrslita ágreining nokkurn, er orðið hefir milli Akureyrar og Hrafnagilshrepps, sem nú er, um það, hvort barnið Jósefína Guðrún Kristjánsdóttir, sem um það leyti, er kaupstaðurinn og hreppurinn var ein sveit, og hét Hrafnagilshreppur, hafði framfærslu hjá einu skyldmenni sínu í annari sveit, Öngulstaðahrepp, án þess að Hrafnagilshreppur legði nokkuð með því, sè sveitlæg eingöngu í hinum fráskilda Hrafnagilshrepp, eða bæði í kaupstaðnum og hreppnum eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í tilskipun 29. ágúst 1862, 1. grein, og sem er einsög milli 4 og 5, en á þenna ágreining hefir amtið lagt þann úrskurð 16. nóvbr. 1870¹, að tæð barn eigi framfærslurétt í Hrafnagilshrepp, sem nú er sèrstök sveit.

1) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Í bréfi, dagsettu ígar, hafið þér, herra bæjarfógeti, eptir beiðni bæjarstjórnarinnar á Akureyri, beiðzt úrlausnar amtsins um, hvort barnið Josefína Guðrún Kristjánsdóttir sè sveitlæg í Hrafnagilshreppi að öllu leyti, einsog bæjarstjórnin á Akureyri fer fram, eða hvort það eigi að framfærast að nokkru leyti af fátækrafé Akureyrar kaupstaðar og að nokkru leyti af Hrafnagilshreppi.

Af skýrslum þeim, sem fram eru komnar í þessu máli, sèst, að ofannefnt barn, sem er óskilgetið, strax eptir fæðinguna var tekið til fósturs af fóstura föður þess, Kristjáns Ólafssonar, bóndanum Jósepi Jónssyni á Jódisarstöðum, og var þar hjá honum meðgjafarlaus, þangað til Kristján, faðir barnsins, dó, en þá í fardögum 1866 þóttist Jósep eigi geta haldið barnið meðgjafarlaus, og leitaði þá meðgjafar með því hjá hreppstjóranum í Hrafnagilshreppi, sem er framfærsluhreppur Sigríðar Ívarsdóttur, móður barnsins, en sem átti að lögum að standa straum af því ein, úr því faðir barnsins var látinn, hefði hún verið þess umkomin.

Þessari kröfu Jóseps á hendur Hrafnagilshreppi svaraði hreppstjórnin þar í bréfi, dagsettu 21. desbrm. 1866, á þessa leið: „að þar-

1872.

25. maí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið getur ekki sæð ástæðu til, að

sem barn þetta, sem er sex ára gamalt, kemur nú fyrst til sveitar, og varð því eigi tekið til greina við skipti á ómögnum milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar kaupstaðar, er framfóru þar 17. apríl 1863, — en ákveðið er í skiptagjörningi þessum, að þeir, sem þann dag væri utanhrepps, það er: hvorki í Akureyrar kaupstað eða Hrafnagilshrepp, og eptirleiðis kynni að gjöra tilkall til sveitar hér, skuli forsorgast af háðum sveitunum eptir hlutfallinu 4 og 5, — þá eigið þér eptir minni meiningu aðgang að Akureyrar kaupstað um $\frac{4}{5}$ af meðlaginu, en þar ómótmælanlegt er, að móðurhreppur ómaga þessa er hinn gamli Hrafnagilshreppur óskiptur, þá hefði jeg útlagt að eins $\frac{5}{6}$ parts meðlagsins hér af hrepp, að upphæð 133 $\frac{1}{3}$ fisk, sem gjörir í peningum 16 rd. 64 sk., hvaraf þér eigið nú eptir hjá mér 6 rd. 64 sk., og þurfið þér ekki eptir ofansögðu að búast við meira af Hrafnagilshreppi fyrir þetta ár til fardaga 1867, nema því að eins, að öðruvísi verði ákveðið með yfirvalds-úrskurði. — Einsog hreppstjórinn í Hrafnagilshrepp hefir viljað gjöra, er það rétt að byggja úrslit þessa máls á skiptagjörningi milli Akureyrar kaupstaðar og Hrafnagilshrepps, dagsettum 17. apríl 1863. Í samningi þessum er svo komið að orði um skipti á ómögum, eptir að búið er að nafngreina vissa ómaga, er skiptast á Akureyrar kaupstað og Hrafnagilshrepp: „þar á móti skyldi Helgi Eiríksson, sem von er á með fjölskyldu að norðan í vor, og allir þeir, sem nú eru í hreppnum og kynni að þurfa sveitarstyrks, eiga aðgang að hreppnum, einsog líka kaupstaðurinn á að sjá um alla þá, sem nú eru í kaupstaðnum og eru hrepplægir í hreppnum“. Með því nú móðir Jósefinu, sem að föðurnum látnum, einsog fram er tekið, átti að sjá um barn sitt, en sökum fátæktar eigi gat það, „ómótmælanlega“ átti sveit í Hrafnagilshreppi, þaræð hún átti þar heima 17. apríl 1863, þegar skiptagjörningurinn milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar kaupstaðar gjörðist, á Hrafnagilshreppur að öllu leyti að gefa með Jósefinu Guðrúnu Kristjánsdóttur, því hún á sem óskilgetin rétt til framfæris af hreppi móður sinnar, samanbr. reglugjörð 8. janúar 1834, 6. grein, og það er öldungis rangt, einsog hreppstjórinn í Hrafnagilshreppi í bréfum sínum 21. desbr. 1866 og 19. júní 1867 hefir gjört, að vilja láta næstu málsgrein í ofan nefndum skiptagjörningi frá 17. apríl 1863, er hljóðar þannig: „viðvíkjandi þeim, sem nú eru utanhrepps, en eptirleiðis skyldu gjöra tilkall til hrepps, kemur mönnum saman um, að þeir, sem koma fyrstu 10 árin, skulu forsorg-

1872.
25. maí. breyta úrskurði amtsins, en að öðru leyti er það hlutaðeigendum heimilt, ef þeim finnst ástæða til þess, að leita um þetta mál dóms og laga.

24. maí. **61. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um prestvígslu stúdents.**

Með bréfi, dagsettu 6. p. m., hafið þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem stúdent á prestaskólanum, Björn Stefánsson, sækir um leyfi til að sækja um Sandfells prestakall í Austur-Skaptafellssýslu, sem er laust, nú á þessu sumri, og mega vígjast til prests, án þess að hafa gengið undir burtfararpróf við prestaskólann.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að þetta, sem sókt er um, getur eigi orðið veitt.

ast af báðum hreppunum o. s. frv.”, ráða úrslitum þessa máls, því þó hinn hér umræddi ómagi Jósefina reyndar hafi verið utan Hrafnagilshrepps, þegar hún var sögd til sveitar, þar sem hún þá var á Jódísarstöðum (í Öngulstaðahrepp), þá ber þess að gæta, að börn allt að 16. aldurs ári fylgja foreldrunum og eiga hrepp þar sem þeir eiga hrepp, án nokkurs tillits til þess, hvort þau dvelja í sama hreppi og foreldrarnir eður ekki.

Samkvæmt þegar tilgreindu úrskurdast hérmeð, að Jósefina Guðrún Kristjánsdóttir eigi að öllu leyti framferi í Hrafnagilshreppi.